

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. apríl 2021

Mál nr. E-7629/2020:

**Húsasmiðjan ehf.**

(*Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður*)

gegn

**Dalsnesi ehf.**

(*Flóki Ásgeirsson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta var höfðað 17. september 2020 og dómtekið 29. mars sl.

Stefnandi er Húsasmiðjan ehf., Kjalarvogi 12, Reykjavík.

Stefnt er Dalsnesi ehf., Fossaleyni 21, 112, Reykjavík

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 44.418.246 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. maí 2020 til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

## I.

Ágreiningur málsaðila á rót að rekja til verksamnings um efnissölu á stálvirki fyrir skrifstofuhluta byggingarinnar að Korngörðum 3, Reykjavík, sem gerður var þeirra í millum 28. nóvember 2017 og uppfærður með viðaukasamningi 1. apríl 2019. Með samningnum 28. nóvember 2017 tók stefnandi að sér, sem verktaki, verkþætti sem lutu að stálvirki og svonefndum trapizuplötum í milligólf, þök og klæðningar í byggingunni. Samkvæmt gögnum málsins voru nefndar trapizuplötur ætlaðar sem undirlag fyrir öll steipt gólf í skrifstofubyggingunni. Fram kom í samningnum að heildarstærð byggingarinnar yrði 15.500 fermetrar, sem skiptist í 8.800 fermetra vöruhús á jarðhæð, 6.500 fermetra millihæðir og 4.200 fermetra skrifstofuhúsnaði. Í 2. gr. verksamningsins kom m.a. fram að verktaki myndi þurfa að skipuleggja uppsetningu svonefndra samlokueininga í samráði við verkkaupa „og hugsanlega gera tímabundið hlé á vinnu við þær meðan aðrir verktakar á vegum verkkaupa koma fyrir búnaði [...]“. Tekið var fram að umrædd hlé yrðu þannig skipulögð að ekki kæmi til kostnaðar, m.ö.o. tafabóta, af hálfu verktaka. Í 2. gr. kom einnig fram að verktaki skyldi vinna verkið „samkvæmt teikningum, verklýsingu og magnskrá hönnuða sem eru hluti þessa samnings“. Síðar í

sömu grein samningsins var tekið fram að verktaki myndi „hafa eftirlit með verkinu og ráða sérhæfða aðila til verksins“.

Viðaukasamningurinn sem gerður var 1. apríl 2019 skírskotaði til viðræðna sem aðilar hefðu átt „undanfarna mánuði um ýmis vandamál og álitaefni sem hafa komið upp, m.a. vegna hönnunartíma, afhendingar hönnunargagna og framkvæmdartíma. Með samkomulagi þessu freista aðilar þess að leysa þessi vandamál, svo að unnt verði að ljúka framkvæmdum og uppfylla samningsskuldbindingar“. Í grein 3.1 í viðaukasamningnum var tekið fram að „hönnuður Dalsness“ myndi afhenda hönnunargögn vegna skrifstofuhlutans „í meginráttum í fjórum pökkum“ sem síðan voru nánar skilgreindir, auk þess sem afhendingardagsetningar voru þar nánar tilgreindar. Grein 3.4 geymdi ákvæði um afhendingu stáls þar sem nánar var miðað við að „allt stálvirkið“ yrði afhent í þremur áföngum, sbr. nánar tilgreindar dagsetningar. Þannig var ráðgert að fyrsta skip færi frá Klaipeda um miðjan júní 2019 og að með því skipi yrði flutt efni sem framleitt hefði verið „samkvæmt hönnunarpökkum 1 sem þegar hafa verið lagðar fram“. Næsta skip átti að fara um miðjan júlí 2019 með efni sem framleitt hefði verið „samkvæmt hönnunarpökkum 2 og 3.1.“ Þá var áætlað að þriðja skipið færi af stað um miðjan ágúst með efni sem framleitt hefði verið „samkvæmt hönnunarpakka 3.2. og 4“. Í framhaldi af þessu geymir grein 3.4 í viðaukasamningnum eftirfarandi setningar: „Fyrirvari er gerður af hálfu Húsasmiðjunnar um afhendingartíma, tefjist afhending hönnunargagna. Afhending trapizuplatna frá ArcelorMittal fer fram að Korngörðum 3 eigi síðar en 15. ágúst 2019 enda standist framangreindur afhendingartími hönnunargagna.“

Með tölvupósti 28. nóvember 2019 samþykkti Helgi Geirharðsson tilboð framleiðandans ArcelorMittal vegna trapizuplatna. Útprentun þessa tölvupósts fylgir afrit síðari samskipta, nánar tiltekið 10. desember 2019, vegna sama máls þar sem fulltrúar stefnanda og ArcelorMittal ræða um álitaefni er tengdust því hvernig standa bæri að götun platnanna.

Meðal gagna málsins eru tvö bréf sem lögmaður stefnanda ritaði stefnda 19. desember 2019. Annað þessara bréfa hverfist um áðurnefndan viðaukasamning sem gerður var 1. apríl 2019. Í bréfinu var vísað til þess að stefndi hefði með viðaukasamningi þessum skuldbundið sig til að afhenda hönnunargögn vegna stálvirkis skrifstofuhluta í fjórum pökkum og skyldi sá síðasti afhentur 18. þess mánaðar. Vísað var til þess að þrátt fyrir fyrri tilkynningar og bréf til stefnda hefði orðið dráttur á afhendingu hönnunargagna og að hönnunargögn hefðu enn ekki borist „að fullu“ á áðurnefndum ritunardegi bréfsins. Fram kom í bréfinu að hönnuður stefnda hefði raskað öllum forsendum samningsins frá 1. apríl 2019 „með því að draga afhendingu hönnunargagna um marga mánuði, færa efnisliði milli hönnunarpakka og fjölga þeim í að verða sex pakka“. Með bréfinu vildi stefnandi „ítreka þá kröfu sína að allt kapp verði lagt á það af hálfu [stefnda] að afhenda

hönnunargögn við fyrsta tækifæri svo framleiðandi stálvirkisins geti haldið eðlilegri framvindu og lokið verkinu“.

Með bréfi lögmanns stefnda 15. maí 2020 var beint umkvörtunum til stefnanda vegna tafa af hálfu síðarnefnda félagsins, sem verktaka, á annars vegar framleiðslu og afhendingu á trapizuplötum [...] og hins vegar upplýsingum um afhendingu stálvirkis sem ætlað var í skrifstofuhluta byggingarinnar. Með bréfinu var komið á framfæri þeirri afstöðu stefnda sem verkkaupa að um verulegar vanefndir stefnanda, sem verktaka, væri að ræða og að stefndi áskildi sér rétt til að beita vanefndaúrræðum af þeim sökum. Í bréfi þessu var m.a. vísað til þess að verktaki hefði um margra mánaða skeið lofað framleiðslu og afhendingu trapizuplatnanna á skilgreindum tímum án þess að þær tímasetningar hefðu staðist. Á sama tíma hefði stefnandi sem verktaki látið hjá líða að verða við ítrekuðum beiðnum stefnda sem verkkaupa um nákvæmar upplýsingar um stöðu og framleiðslu og flutning platnanna hingað til lands. Í bréfi þessu kom einnig fram að um væri að ræða vanrækslu sem stefndi teldi jafngilda verulegri vanefnd á verksamningi aðila. Tafir þessar myndu fyrirsjáanlega valda tjóni fyrir stefnda sem stefnandi bæri ábyrgð á.

Af hálfu stefnda var tilkynning um riftun verksamnings aðila send með bréfi þar að lútandi 26. maí 2020. Byggðist riftunin á skírskotun til „verulegra og ítrekaðra vanefnda verktaka á skyldum sínum samkvæmt samningnum“. Svarbréf stefnanda var sent degi síðar, 27. maí 2020, þar sem riftunin var sögð ólögæt. Síðastnefndu bréfi var svarað af hálfu stefnda 8. júní 2020 þar sem m.a. var tekið fram að verulegur ágreiningur væri uppi um atvik málsins, þ.m.t. um það hvernig samskiptum hefði verið háttað og hvaða upplýsingum hefði verið miðlað. Síðastnefndu bréfi var svarað af stefnanda hálfu 23. september 2020, m.a. með vísan til þess að stefndi hefði undirgengist víðtækari samningsskyldur en aðeins greiðslu fyrir vörukaup, því samkvæmt ákvæðum samningsins hefði stefnda borið að afhenda hönnun vörunnar á þeim dögum sem tilgreindir voru í samningnum.

Við aðalmeðferð málsins komu eftirtaldir fyrir dóminn til skýrslugjafar: Finnur Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fagsölusviðs stefnanda, Magnús G. Jónsson, fjármálastjóri stefnanda, Guðbjartur Halldórsson, fyrrverandi starfsmaður stefnanda, Júlíus Jóhannesson, fulltrúi stefnda við framkvæmdina, Dan Erik Kullgren, starfsmaður ArcelorMittal, og Dominick Dzieszko, hönnuður og ráðgjafi stefnda.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi greindi Finnur Guðmundsson, fyrrum framkvæmdastjóri hjá stefnanda, m.a. frá því að hönnunargögn hefðu borist mjög illa og það hefði leitt til þess að tímaáætlanir upprunalegs verksamnings hefðu gengið úr skorðum. Þetta hafi valdið miklum vanda því erfitt hafi verið að halda flæði í verkefninu. Staðan hafi verið mjög slæm að þessu leyti þegar viðaukasamningurinn var gerður. Tafir á afhendingu hönnunargagna hafi valdið því að framleiðendur, þ.e. Proinvest og síðar

ArcelorMittal, hafi lent í vanda. Svonefndir „hönnunarpakkar“ sem átt hafi að vera fjórir samkvæmt viðaukasamningnum 1. apríl 2019 hafi orðið sjö talsins og stálvirkið hafi komið í sex sendingum. Samskiptin hafi síðar riðlast vegna kórónuveirunnar.

Í skýrslu Júlíusar Jóhannessonar, fulltrúa stefnda, kom m.a. fram að samkvæmt viðaukasamningnum hefði átt að afhenda hönnunargögn í ákveðnum hlutum og svo hafi stefnandi átt að láta framleiða það sem þurfti og afhenda í samræmi við dagsetningar í samningnum. Seinkanir hafi orðið á hönnunargögnum en stóra seinkunin hafi þó verið vegna „pakka 4“ í stálvirkinu, auk þess sem seinkun hafi orðið á hinum svonefndu trapizugólfum, en þetta hafi valdið miklum vanda. Júlíus kvaðst hafa talið, á grundvelli upplýsinga frá stefnanda, að búið væri að panta efnið en svo hafi komið í ljós í maímánuði 2020 að framleiðsla væri ekki hafin. Pakka 4 hafi seinkað og trapizuplötum einnig, en þetta tvennt var að sögn Júlíusar forsenda áframhaldandi framkvæmda. Af hálfu stefnanda hafi því verið lýst yfir sjö sinnum á tímabilinu janúar til maí 2020 að pöntun væri frágengin en svo hafi komið í ljós að sú var ekki raunin. Á lokastigunum hafi hann, fyrir hönd stefnda, haft beint samband við framleiðandann ArcelorMittal og þá hafi komið í ljós að pöntunin var ekki farin af stað. Þar með hafi allt traust verið horfið milli aðila. Í framhaldi hafi stefndi pantað efnið og klárað innkaupin. Efnið hafi verið komið til landsins fjórum vikum síðar.

Skýrslur þeirra Finns og Júlíusar hér fyrir dómi kristölluðu djúpstæðan ágreining málsaðila um atvik málsins. Að skýrslum þeirra og annarra sem komu fyrir dóminn við aðalmeðferð verður nánar vikið síðar í dómi þessum, eftir því sem tilefni er til.

Tekið skal fram að við fyrstu fyrirtöku málsins eftir úthlutun til undirritaðs dómara 14. janúar sl. voru lögmenn inntir álits á því hvort þörf væri á að kveðja sérfróðan meðdómanda til setu í dómnum. Lögmenn voru á einu máli um að ekki væri þörf á sérfróðum meðdómsmanni og að athuguðu máli taldi dómari það réttmæta afstöðu, því ágreiningur aðila snerist ekki um svo tæknileg atriði að slíkra ráðstafana væri þörf.

## II.

Stefnandi telur að stefnda hafi verið óheimilt að lýsa yfir riftun 26. maí 2020 á áðurnefndum samningi málsaðila frá 1. apríl 2019. Stefnandi hafnar því að riftunargrundvöllur hafi verið fyrir hendi vegna ætlaðs afhendingardráttar. Ástæður þess að dráttur varð á afhendingu stálsins megi rekja til vanefnda stefnda sjálfs. Riftunin hafi því verið ólögmet og stefnda beri að bæta stefnanda það tjón sem leiddi af riftuninni samkvæmt reglum fjármunaréttar.

Stefndi hafi haldið því fram að eina skylda hans samkvæmt samningi aðila frá 1. apríl 2019 hafi verið að greiða fyrir vörukaupin og því hafi ekki verið um að ræða vanefnd af hans hálfu þegar dráttur varð á afhendingu hönnunargagna. Stefnandi andmælir þessu og vísar máli sínu til stuðnings til eftirfarandi ákvæða samningsins er

lúta að afhendingu stefnda á hönnunargögnum og afleiðingum þess að ekki yrði staðið við umsamdar dagsetningar.

Undir ákvæði 3.1 í samkomulaginu sem ber yfirskriftina „afhending hönnunargagna“ komi fram: *Hönnuður Dalsness mun afhenda hönnunargögn vegna skrifstofuhlutans*. Þá komi fram undir b-lið sömu greinar: *Uppfært Tekla model verður afhent framleiðanda þann 2. apríl 2019*. Undir lið d komi fram: *Tekla model verður afhent 18. apríl 2019*. Undir lið e komi eftirfarandi fram: *Hönnunargögn fyrir trapizuplötur skrifstofuhluta skulu liggja fyrir 15. maí 2019*.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að með svonefndu „tekla módeli“ sé átt við hönnunargögn sem einingaframleiðsla byggist á.

Enginn vafi leiki því á að stefnda hafi verið skylt að leggja fram hönnunargögn á tilgreindum tímasetningum. Um afleiðingar vanefnda á afhendingu hönnunargagna segi meðal annars undir grein 3.2:

*Teknir hafa verið frá dagar í verksmiðju Proinvest til framleiðslunnar til þess að tryggja afhendingu samkvæmt áætlun. Er gengið út frá því að afhending hönnunargagna samkvæmt lið 3.1 verði á uppgefnum tíma. Dragist afhending hönnunargagna eða verði gerðar breytingar á þeim eftir afhendingu raskar það framleiðsluferlinu við smíði stálvirkisins, þar á meðal gerð framleiðsluteikninga, efniskaup og smíði. Dalsnes ber ábyrgð á öllum töfum og sannanlegu tjóni sem af kann að hljótaskast, svo sem vegna tjóns framleiðanda, hærra hráefnisverðs og gengisbreytinga.*

Undir grein 3.4 sem ber yfirskriftina „Afhending á stáli“ segi svo eftirfarandi: *Fyrirvari er gerður af hálfu Húsasmiðjunnar um afhendingartíma, tejist afhending hönnunargagna. Afhending trapizuplatna frá Arcelormittal fer fram að Korngörðum 3 eigi síðar en 15. ágúst 2019, enda standist framangreindur afhendingartími hönnunargagna.*

Auk þessa komi fram undir lið 3.6: *Afhending arkitektateikninga (ásýndarteikning) fyrir klæðningu hússins samkvæmt lið 3.1 skal fara fram á réttum tíma. Dragist afhending arkitektateikninga eða verði gerðar breytingar á þeim eftir afhendingu, ber Dalsnes ábyrgð á öllum töfum og sannanlegu tjóni sem af kann að hljótaskast, svo sem tjóni framleiðanda og tjóni vegna hærra flutningskostnaðar, hærra hráefnisverðs og gengisbreytinga.*

Afhending fullnaðarhönnunar hafi dregist í tilviki stálvirkisins um rösklega eitt ár. Hönnun á trapizuplötum virðist þá hafa átt að taka innan við tvo mánuði en drátturinn verið margfaldur sá tími. Þessar tafir hafi verið meira eða minna óútskýrðar og aldrei boðaðar fyrirfram eins og eðlilegt hefði verið. Tafir þessar hafi jafnframt haft veruleg áhrif á framleiðslu stefnanda á stálvirkinu en undirverktakar stefnanda hafi gert ráð fyrir því að fá hönnunargögn afhent með þeim hætti sem tilgreint var í samningi aðila og tekið frá tíma í verksmiðjum sínum í samræmi við það. Líkt og ráða megi af framanreifuðum

ákvæðum í samningi aðila þá hafi stefndi tekið ábyrgð á öllum tögum sem væru afleiðing þess að hönnunargögn bærust ekki á réttum tíma.

Afhending stefnda á hönnunargögnum hafi verið algjör grunnforsenda þess að unnt væri að efna samning aðila með réttum hætti. Þegar sú forsenda stóðst ekki hafi það raskað öllu framleiðsluferli stefnanda. Það sé stefnanda hulin ráðgáta hvernig stefndi gat talið sér heimilt að rifta samningi aðila við þessar aðstæður þegar rót allra vandamála í viðskiptasambandi aðila hafi verið stórfelldur dráttur á afhendingu hönnunargagna.

Þá virðist stefndi ekki einungis hafa vanefnt þessa skyldu sína samkvæmt skýrum ákvæðum samnings aðila heldur beinlínis veitt rangar upplýsingar við samningsgerðina, en í bréfi stefnda frá 8. júní sl. komi fram að stefnda hafi „að sjálfsgöðu verið fyllilega ljóst“ að áætlanir um hönnunarlok væru háðar óvissu. Ekkert slíkt hafi komið fram við samningsgerðina enda hafi aðilar þvert á móti samið um skýrar afhendingardagsetningar hönnunargagna.

Meginskilyrði riftunar sé að vanefnd samningsaðila teljist veruleg. Þá þurfi orsakasamband að vera á milli hinnar verulegu vanefndar og þeirrar skerðingar á hagsmunum samningsaðila sem eru grundvöllur mats á riftunarheimild hans. Þegar samningi er rift vegna afhendingardráttar seljanda þurfi að minnsta kosti tvö skilyrði að vera fyrir hendi svo að afhendingardráttur geti talist veruleg vanefnd. *Í fyrsta lagi* þurfi að vera kveðið skýrt á um það í samningi aðila hver afhendingartími vöru eigi að vera og *í öðru lagi* megi afhendingardráttinn ekki vera að rekja til kaupanda sjálfs.

Stefnandi telur skilyrði riftunar um verulega vanefnd stefnanda ekki hafa verið fyrir hendi þegar stefndi ákvað að rifta samningi aðila. Í samningi aðila frá 1. apríl 2019 hafi verið settar fram áætlanir um afhendingu stálvirkisins sem allar hafi verið háðar því að afhending á hönnunargögnum stæðist. Af öllu framanrituðu megi vera ljóst að allan þann drátt sem varð á afhendingu stálvirkisins sé að rekja til vanefnda stefnda á þeirri skyldu sinni að afhenda hönnunargögn. Stefnandi og undirverktakar hans hafi lagt sig alla fram við að halda framleiðsluferlinu gangandi með eðlilegum hætti en þegar hönnunargögn hafi ekki borist með tilætluðum hætti, þeim verið skipt upp af óútskýrðum ástæðum og þurft hafi að óska ítrekað skýringa á ófullnægjandi teikningum hafi eðlilega orðið dráttur á framleiðslu og afhendingu stálvirkis í bygginguna. Á þessu beri stefndi sjálfur ábyrgð enda hafi hann óumdeilanlega tekið ábyrgð á öllum þeim tögum sem kynnu að verða vegna dráttar á afhendingu hönnunargagna.

Stefnandi bendir á að ekki verði fram hjá því litið við mat á því hvort skilyrði riftunar séu uppfyllt að yfir heiminn hafi riðið heimsfaraldur sem hafi eðlilega haft áhrif á tímamark efnaskyldu enda hafi stefnanda verið ómögulegt að framleiða og afhenda stálið á meðan versta bylgjan stóð yfir. Stefnanda hafi verið tilkynnt um þetta með skýrum hætti.

Því telur stefnandi ljóst að skilyrði riftunar um verulega vanefnd hafi ekki verið fyrir hendi þegar stefndi tók þá ákvörðun að rifta samningi aðila. Við slíkar aðstæður beri þeim sem riftir samningi með ólögætum hætti að bæta gagnaðila sínum það tjón er hann verður fyrir. Stefnandi telur engan vafa leika á því og krefst þess að stefnda verði gert að bæta stefnanda það tjón sem leiddi beint af hinni ólögætu riftun og felst í framlegðartapi vegna háttsemi stefnda.

Krafa stefnanda nemur kr. 44.418.246 og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

- 1) Stálvirki: Samkvæmt gögnum frá Proinvest, undirverktaka stefnanda, átti eftir að afhenda 180 tonn af stálvirki byggingarinnar miðað við þá hönnun sem fyrir lá þegar samningi var rift. Samningsverð gagnvart stefnda nam 259.889 kr. pr. tonn en innkaupsverð frá Proinvest nam 225.238 kr. Stefnandi hafi gert ráð fyrir kr. 34.651 kr. í framlegð af hverju tonni, eða kr. 6.237.180 alls í framlegð.
- 2) Húðunarkerfi: Í samningi aðila hafi verið gert ráð fyrir um 16,5 m<sup>2</sup> af húðunarkerfi á hvert tonn af stálvirkinu. Samhliða stálvirkinu átti því eftir að afhenda 2.966 m<sup>2</sup> af húðunarkerfi (12.357-9.391) og gerði stefnandi ráð fyrir kr. 1.524.524 í framlegð af þeim efnislið (514kr. x2.966 fm).
- 3) Milligólf: Þá hafði stefnandi gert ráð fyrir um kr. 15.610.394 í framlegð af þeim 5.732 m<sup>2</sup> sem átti eftir að afhenda af milligólfum. Magn samkvæmt tilboði Acelor Mittel hafi numið 5.732 fm. Einingaverð í samningi aðila hafi verið 5.052 kr. og heildarverð því 28.958.064, en verð í samningi Húsasmiðjunnar við Arcelor Mittel hafi á hinn bóginn numið 11.697.670 en við þá fjárhæð bætist flutningskostnaður að fjárhæð kr. 1.650.000.
- 4) Samlokueiningar: Stefnandi hafi jafnframt gert ráð fyrir um kr. 21.049.148 í framlegð af þeim 6.831,12 m<sup>2</sup> sem eftir átti að afhenda af samlokueiningum skrifstofuhlutans. Framlegðarútreikningur vegna þessa skiptist í tvennt vegna innri og ytri veggjar, sbr. nánar hér að neðan.

Samantekt stefnanda á framlegðarmissi, með nánari framsetningu að því er varðar tilboðsfjárhæð í einstökum myntum er sem hér segir:

	Magn	KSV	Söluv.	Flutningur	Framlegð	Tilboð	Mynt
<b>1. Stálvirki</b>	1.800.000	225.238	259.889	-	6.234.180	1467	EUR
<b>2. Húðunarkerfi</b>	2.966	1.068	1.582	-	1.524.524	7	EUR
<b>3. Milligólf</b>	5.732	11.697.670	28.958.064	1.650.000	15.610.394	141	SEK
<b>4. Samlokuein.</b>	6.831	35.482.561	69.181.710	12.650.000	21.049.148		
<i>Ytri veggur</i>	2.111	10.719.868	20.837.347	4.400.000	5.717.479	33	EUR
<i>Innri veggur</i>	4.720	24.762.693	48.344.363	8.250.000	15.331.670	34	EUR
<b>Alls</b>					<b>44.418.246</b>		

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 44.418.246 vegna ólögðrar riftunar á samningi aðila með vöxtum og dráttarvöxtum líkt og nánar er tilgreint í kröfugerð.

### III.

Að því er varðar ætlaðan afhendingardrátt hönnunargagna þá gerir stefndi athugasemdir við framsetningu stefnanda. Lýsing stefnanda sé almenns eðlis án þess að þessar staðhæfingar séu skýrðar nánar með vísan til atvika málsins. Þannig sé engin nánari grein gerð í stefnu fyrir því orsakasamhengi sem stefnandi byggir á að hafi verið milli afhendingar hönnunargagna af hálfu stefnda annars vegar og dráttar á afhendingu trapizuplatnanna hins vegar af stefnanda hálfu. Þá séu engin gögn lögð fram í málinu af hálfu stefnanda til sönnunar um slík atvik.

Ágreiningslaust sé að afhending hönnunargagna vegna trapizuplatnanna hafi ekki farið fram 15. maí 2019 eins og gert var ráð fyrir í samningi aðila heldur 30. ágúst það ár. Þessi dráttur á afhendingu hönnunargagnanna hafi hins vegar engin áhrif haft á framleiðslu eða afhendingu trapizuplatnanna enda hafi stefndi ekki óskað eftir því að framleiðsla þeirra yrði hafin fyrr en með erindi til stefnanda 5. nóvember 2019, meira en tveimur mánuðum eftir að hönnunargögnin voru afhent.

Tilkynning stefnda til stefnanda um riftun sé skýr um að hún hafi ekki verið reist á afhendingardrætti trapizuplatnanna fyrir 30. ágúst 2019 heldur á þeim drætti sem varð á afhendingu þeirra eftir það tímamark. Þá sé tilkynningin einnig skýr um það að hún hafi að þessu leyti verið reist á því að afhending platnanna hefði ekki farið fram innan eðlilegra tímamarka frá afhendingu hönnunargagnanna 30. ágúst 2019. Öndvert við það sem fullyrt sé í stefnu hafi stefndi gert grein fyrir því í tilkynningunni að eðlilegt hefði verið að miða í þeim efnum við sama 12 vikna frest frá afhendingu hönnunargagna og gert var í samningnum.

Samkvæmt þessu liggi fyrir að afhending hönnunargagna hafi engan þátt átt í þeim drætti sem varð á afhendingu trapizuplatnanna eftir 30. ágúst 2019, þegar þessi gögn voru sannanlega afhent stefnanda, og vísað var til í tilkynningu stefnda til stefnanda um riftun. Sú vanefnd stefnanda sem stefndi vísaði til í riftunartilkynningunni, og hafði áður skorað á stefnanda að bæta úr að viðlagðri riftun, hafi því á engan hátt verið til komin vegna tafa á afhendingu hönnunargagna.

Með vísan til framangreinds sé ljóst að dráttur á afhendingu hönnunargagna trapizuplatnanna frá 15. maí 2019 til 30. ágúst sama ár hafi ekki verið orsök þess dráttar sem varð á afhendingu platnanna eftir 5. nóvember það ár, þegar stefndi óskaði formlega eftir því að framleiðsla þeirra yrði hafin með vísan til fyrirbyggjandi hönnunargagna sem þá höfðu legið fyrir um nokkurt skeið. Staðhæfingar stefnanda um annað í stefnu séu almenns eðlis og hvorki studdar tilvísunum til atvika málsins né gögnum um slík atvik.

Stefndi andmælir þeirri staðhæfingu stefnanda að hönnunargögn hafi „virst“ ófullnægjandi þegar þau voru loks afhent. Hvorki sé útskýrt nánar í stefnu hvernig þessi samskipti sýni að hönnunargögn frá hönnuði stefnda hafi verið ófullnægjandi við afhendingu né að hvaða leyti.

Hið rétta sé að þau hönnunargögn sem afhent voru stefnanda 30. ágúst 2019 hafi ekki verið haldin annmörkum enda hafi þau verið lögð óbreytt til grundvallar endanlegri framleiðslu platnanna án athugasemda. Þau samskipti sem stefnandi leggur fram og vísi til séu ekki til marks um neina annmarka á hönnun heldur þvert á móti eðlilegur liður í samskiptum kaupanda og framleiðanda sérhæfðs byggingarefnis af þessu tagi. Eins og samskiptin beri með sér hafi fyrirspurnir framleiðanda lotið að útfærsluatriðum sem svarað hafi verið jafnskjótt af hönnuði stefnda. Enginn fótur sé fyrir þeirri ályktun stefnanda að þessi samskipti hafi tafið fyrir framleiðslu platnanna eða séu til marks um annmarka á hönnunargögnum sem valdið hafi slíkum töfum.

Auk þess sem stefnandi hafi samkvæmt framansögðu ekki skýrt hvaða annmarka hann telji hönnunargögnin hafa verið haldin við afhendingu þeirra sé heldur engin grein gerð fyrir því í stefnu hvaða áhrif þessir annmarkar, hverjir svo sem þeir eiga að hafa verið, hafi haft á möguleika stefnanda til að efna samninginn fyrir sitt leyti. Jafnvel þótt reifað væri í stefnu og sannað með framlögðum gögnum að hönnunargögnin hefðu við afhendingu verið haldin nánar tilgreindum annmörkum sé þannig engin grein gerð í stefnu fyrir því hvers vegna ekki hafi verið unnt að ráða bót á þessum annmörkum í desember 2019, þegar stefnandi kveður þá hafa komið í ljós, eða hvers vegna það hafi ekki verið gert. Stefnandi hafi í þessu sambandi ekki haldið því fram að stefndi hefði ekki orðið við áskorun um að bæta úr annmörkum á hönnunargögnunum svo unnt væri að hefja framleiðslu samkvæmt þeim og beiðni stefnda frá 5. nóvember 2019.

Samkvæmt framansögðu sé með öllu óljóst hvaða annmörkum stefnandi telur að hönnunargögn fyrir trapizuplötur hafi verið haldin við afhendingu þeirra, hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þessum annmörkum ef þeir lágu fyrir eða skorað á stefnda að gera það og loks hvaða áhrif þessir annmarkar og skortur stefnda á viðbrögðum við þeim hafi í því tilviki haft á framleiðslu og afhendingu trapizuplatnanna samkvæmt málatilbúnaði stefnanda. Hið rétta sé að engir slíkir annmarkar hafi verið á umræddum gögnum og að ekkert orsakasamband sé milli frágangs þessara gagna frá hendi stefnda og þess dráttar sem varð á því af hálfu stefnanda að láta framleiða plöturnar og afhenda stefnda þær.

Í stefnu sé fullyrt að raskanir hafi orðið á framleiðslu vegna heimsfaraldurs kórónuveiru „[s]nemma árs 2020“. Eins og kunnugt sé hafi áhrifa þessa heimsfaraldurs fyrst farið að gæta í Evrópu í mars það ár. Hvað sem því líður hafi stefndi óskað eftir því strax í byrjun nóvember 2019 að framleiðsla platnanna yrði hafin og hafi stefnandi fullyrt 11. febrúar 2020 að plöturnar væru tilbúnar til framleiðslu og að koma þeirra til Íslands væri áætluð í lok mars. Þá hafi stefnandi upplýst 17. febrúar 2020 að framleiðsla á trapizuplötunum væri

að hefjast og að framleiðandi hefði af því tilefni óskað eftir staðfestingu á nánar tilgreindum atriðum sem stefndi staðfesti samdægurs. Hinn 13. mars 2020 hafi stefnandi jafnframt upplýst að plöturnar færu í skip í fyrstu viku apríl. Hinn 7. apríl 2020 hafi stefnandi síðan upplýst að plöturnar væru í framleiðslu og að beðið væri eftir nákvæmari afhendingardagsetningu frá framleiðanda.

Samkvæmt framansögðu hafi stefndi óskað eftir því við stefnanda mörgum mánuðum áður en áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru fór að gæta í Evrópu að framleiðsla trapizuplatnanna yrði hafin. Samkvæmt þeim upplýsingum sem stefnanda bárust frá framleiðanda í nóvember 2019 hafi verið unnt á því tímamarki að afhenda plöturnar 4–6 vikum eftir pöntun. Hefðu plöturnar verið pantaðar í nóvember, eins og stefndi óskaði eftir, sé ljóst að afhending þeirra hefði farið fram löngu áður en áhrifa heimsfaraldurs kórónaveiru fór að gæta í Evrópu þar sem framleiðslan fór fram.

Þá liggi fyrir að jafnvel þótt plöturnar hefðu verið pantaðar í desember 2019 eða janúar 2020 hefði verið búið að framleiða þær og flytja þær til Íslands áður en heimsfaraldur kórónaveiru skall af fullum þunga á Evrópu um miðjan mars 2020.

Samkvæmt framansögðu sé ljóst að hafi heimsfaraldur kórónaveiru raskað framleiðslu trapizuplatnanna hafi það verið vegna þess að framleiðsla þeirra var ekki enn hafin þegar faraldurinn skall á um miðjan mars 2020, þegar meira en fimm mánuðir voru liðnir frá því að stefndi óskaði eftir því að framleiðsla þeirra yrði hafin og meira en mánuður frá því að stefnandi hafði fullyrt að þær væru tilbúnar til framleiðslu og kæmu til Íslands í lok mars.

Dráttur á því fram í miðjan mars 2020 að framleiðsla platnanna hæfist getur, að mati stefnda, ekki hafa orsakast af heimsfaraldri kórónaveiru sem þá skall á Evrópu. Ástæður þeirra tafa hljóti því að vera aðrar. Hafi afhending dregist eftir það tímamark hafi stefnandi ekki upplýst um slíkar tafir. Það sé því heldur ekki rétt sem fullyrt er í stefnu að stefnandi hafi tilkynnt stefnda um raskanir á framleiðslu platnanna snemma árs 2020 vegna heimsfaraldurs kórónaveiru.

Stefnandi hafi ekki útskýrt hvað valdið hafi töfum á framleiðslu og afhendingu trapizuplatnanna. Framlögð gögn styðji ekki mál stefnanda. Stefnandi hafi hvorki gert grein fyrir þeim dagsetningum sem hann byggir á að ekki hafi verið unnt að framleiða eða afhenda plöturnar vegna lokana af völdum heimsfaraldurs kórónaveiru né heldur lagt fram nokkur gögn um slíkar lokanir og dagsetningar þeirra.

Stefndi vísar til þess að í stefnu sé því haldið fram að afhendingardráttur á trapizuplötum hafi ekki falið í sér verulega vanefnd þar sem verðmæti þeirra hafi verið innan við 10% af andvirði samningsins. Ekki sé nánar skýrt í stefnu hvernig þetta hlutfall sé metið eða færð nánari rök fyrir því að vanefnd stefnanda hafi af þessari ástæðu ekki talist veruleg í skilningi almennra reglna samninga- og kröfuréttarins.

Hið rétta sé að afhending trapizuplatnanna hafi verið mjög verulegur þáttur í þeim efndum stefnanda sem eftir stóðu þegar samningnum var rift, eins og skýrt sé af kröfugerð

hans í málinu, þar sem töpuð framlegð vegna trapizuplatnanna er talin svara til þriðjungs af heildarhagnaðarmissi stefnanda vegna riftunarinnar. Enginn vafi geti þannig leikið á því að trapizuplötturnar hafi verið verulegur hluti samningsins þegar honum var rift og afhendingardráttur þeirra af hálfu stefnanda veruleg vanefnd í því tilliti.

Auk þess sem vanefnd stefnanda hafi verið veruleg að því leyti að hún tók til verulegs hluta þess efnis sem eftir var að afhenda þegar samningnum var rift hafi hún jafnframt verið veruleg með tilliti til þess tíma sem afhendingardrátturinn hafði tekið þegar samningnum var rift 26. maí 2020.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi ekki byggt á því að afhendingartími platnanna hafi verið ókominn 26. maí 2020 og því enginn afhendingardráttur orðinn af þeim sökum á því tímamarki. Þá hafi stefnandi heldur ekki byggt á því að vikið hafi verið frá umsömdum afhendingardegi 15. ágúst 2019 með fyrirvaranum um afhendingu hönnunargagna á þann hátt að engin skylda hafi hvílt á stefnanda til að afhenda plötturnar án ástæðulauss dráttar eftir að hönnunargögn voru sannanlega afhent. Loks sé það ekki rétt sem fullyrt er í stefnu að stefndi hafi enga tilraun gert í tilkynningu um riftun til að skýra við hvað væri átt með eðlilegum tímamörkum. Þvert á móti hafi stefndi gert grein fyrir því í tilkynningunni að með hliðsjón af umsömdum 12 vikna fresti frá afhendingardegi hönnunargagna að afhendingardegi trapizuplatnanna væru eðlileg tímamörk fyrir afhendingu platnanna 12 vikum eftir að hönnunargögn voru afhent 30. ágúst 2019. Í samræmi við það hefði borið að afhenda plötturnar í síðasta lagi í byrjun febrúar 2020.

Stefndi tekur fram að hvað sem öðru líður liggi fyrir að stefndi hafi sent stefnanda sérstaka beiðni um afhendingu trapizuplatnanna 5. nóvember 2019 sem hvorki hafi verið mótmælt né hafnað af stefnanda. Enginn vafi geti leikið á því að stefnanda hafi borið, að fenginni þessari tilkynningu, að leitast við að afhenda plötturnar án ástæðulauss dráttar. Samkvæmt upplýsingum sem stefnandi hafi sjálfur lagt fram frá framleiðanda platnanna hafi plötturnar verið komnar til landsins innan 4–6 vikna frá því að gengið var frá pöntun. Þannig liggi fyrir að stefnanda hefði verið unnt að afhenda plötturnar í desember eða byrjun janúar 2020 ef hann hefði fylgt fyrirmælum stefnda um að panta plötturnar fyrirhluta nóvember 2019. Mistök stefnanda sjálfs hafi valdið óviðunandi töfum á afhendingu nauðsynlegra trapizuplatna.

Stefndi telur einsýnt að meira en fimm mánaða dráttur á afhendingu trapizuplatna í mannvirki sem verið er að byggja og unnt var að framleiða og afhenda á 4–6 vikum frá pöntun sé verulegur með tilliti til tímalengdar. Að auki hafi þessi vanefnd stefnanda verið veruleg með tilliti til áhrifa hennar á hagsmuni stefnda. Sem sérfróðum aðila um mannvirki sem komið hafði að byggingu þess mannvirkis sem hið umsamda byggingarefni var ætlað í hafi stefnanda mátt vera ljósir frá öndverðu verulegir hagsmunir stefnda af því að byggingarefni væri afhent á byggingarstað á réttum tíma þannig að unnt væri að halda áætlunum um framvindu verksins. Þá hafi stefnanda

jafnframt mátt vera ljós dómínóáhrif þess að ekki yrði unnt að ljúka við uppsetningu milligólfa á aðra verkþætti og afleiðingar þess fyrir loks verksins og þá atvinnustarfsemi sem mannvirkið væri ætlað að hýsa. Enginn vafi leiki á því að hagsmunir stefnda af afhendingu platnanna á réttum tíma hafi verið mjög verulegir og að stefnanda hafi verið þetta ljóst.

Framangreindu til viðbótar leggur stefndi áherslu á að vanefnd stefnanda hafi verið veruleg af þeirri ástæðu að hún hafi átt rætur að rekja til saknæmrar háttsemi stefnanda sem falist hafi bæði í þeim mistökum sem starfsmenn stefnanda gerðu í samskiptum sínum við framleiðanda platnanna og leiddu til þess að þær voru ekki pantaðar og í rangri upplýsingagjöf stefnanda til stefnda eftir að þessi mistök voru gerð. Þannig hafi ítrekað komið fram af hálfu stefnanda í samskiptum aðila að plöturnar hefðu verið pantaðar og að framleiðsla þeirra væri rétt að hefjast eða hafin. Þá hafi stefnandi ítrekað boðað afhendingu þeirra innan skamms. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggi fyrir hafi þessar staðhæfingar stefnanda ekki átt við rök að styðjast og virðist hafa verið gefnar í vondri trú eða í það minnsta án þess að gerðar væru eðlilegar ráðstafanir af hálfu stefnanda til að kanna réttmæti þeirra áður en þær voru gefnar.

Stefndi telur ennfremur að vanefnd stefnanda á samningi aðila hafi verið veruleg þar sem stefnandi hafi látið hjá líða með saknæmum hætti að verða við ítrekuðum óskum og kröfum stefnda um staðfestingar frá framleiðanda platnanna á því að framleiðsla þeirra væri hafin og þá hvenær vænta mætti afhendingar þeirra. Þrátt fyrir ærið tilefni, brýna og augljósa hagsmuni stefnda af slíkum staðfestingum og formlega áskorun stefnda um framlagningu þeirra þar sem stefnandi hafi verið varaður við því að samningnum kynni að verða rift án frekari fyrirvara ef ekki yrði orðið við henni hafi stefnda aldrei borist slíkar staðfestingar. Athygli veki að slíkar staðfestingar hafi heldur ekki fylgt með stefnuskjali þrátt fyrir að málsóknin sé beinlínis byggð á því að stefnandi hafi ekki vanefnt samning aðila á þann hátt sem stefndi heldur fram, með því að láta hjá líða að panta plöturnar á réttum tíma og á réttan hátt. Erfitt sé að draga aðra ályktun af þessum hætti stefnanda við gagnaframlagningu í málinu en þá að staðfestingar af þessu tagi liggi ekki fyrir, enda hafi plöturnar aldrei verið pantaðar.

Stefndi bendir á að þótt ekki sé útskýrt í stefnu hvaða þýðingu stefnandi telji það hafa í lögskiptum aðila sé staðhæft þar að stefndi hafi veitt stefnanda rangar upplýsingar við gerð samnings aðila 1. apríl 2019. Þessi staðhæfing sé reist á því sem fram komi í bréfi stefnda til stefnanda 8. júní 2020 þess efnis að áætlanir um hönnunarlok hafi verið háðar óvissu á því tímamarki. Stefnandi byggði þó á því í stefnu að samið hafi verið um tilgreindar afhendingardagsetningar í samningnum.

Stefndi leggur í þessu samhengi áherslu á að auk þess sem frávík frá umsömdum afhendingardagsetningum hafi verið eitt megintilefni þess viðaukasamnings sem aðilar gerðu með sér 1. apríl 2019 hafi verið gerður sérstakur fyrirvari af hálfu stefnanda um

afhendingu efnis samkvæmt 3. gr. samningsins ef afhending hönnunargagna af hálfu stefnda tefðist auk þess sem ábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slíkra tafa hafi verið til umfjöllunar í samningnum. Vikið hafi verið að mögulegum tögum á afhendingu hönnunargagna og réttaráhrifum slíkra tafa alls fimm sinnum í 3. gr. samningsins. Segja megi að viðbrögð við slíkum tögum, kæmu þau upp, hafi verið eitt meginefni ákvæðisins. Sú túlkun stefnda á framangreindum samningi aðila sem vísað er til í fyrrgreindu bréfi sé eðlileg og raunar augljós að virtu efni samningsins og verði tæplega jafnað til rangrar upplýsingagjafar við samningsgerðina. Enginn vafi leiki á því að samningurinn hafi verið gerður vegna þessarar óvissu og efni hans tekið skýrt mið af því.

Stefndi undirstrikar að félagið hafi haft ríka hagsmuni af því að hönnun lyki sem allra fyrst og innan þeirra dagsetninga sem tilgreindar voru í samningnum og mun ríkari en stefnandi enda hafi stefndi með samningnum ábyrgst skaðleysi stefnanda af tögum umfram þessar dagsetningar. Þá sé vandséð hvaða mögulegu hagsmuni stefndi hafi átt að hafa af því að semja við stefnanda með þessum hætti um dagsetningar sem hann taldi óraunhæfar eða ætlaði sér ekki að standa við, eins og gefið virðist í skyn í stefnu. Hið rétta sé að tafir á afhendingu hönnunargagna hafi verið þvert á væntingar bæði stefnda og stefnanda. Eins og samningur aðila beri skýrlega með sér samkvæmt framansögðu hafi báðum aðilum verið það ljóst við samningsgerðina að svo kynni að fara, þrátt fyrir einhug aðila. Því hafi drjúgum hluta samningsins verið varið í umfjöllun um þennan möguleika.

Því sé af og frá að stefndi hafi veitt stefnanda rangar upplýsingar við samningsgerðina og raunar vandséð hvaða röngu upplýsingar það hafi átt að vera.

Að því er varðar eðli og umfang tjóns síns byggir stefnandi á því að tjón hans felist í tapaðri framlegð. Í stefnu sé engin grein gerð fyrir atvikum að baki þessu tjóni umfram einfalda útreikninga stefnanda á mismun tilboða frá framleiðanda og samningsverða við stefnda. Ekki liggi þannig fyrir að stefndi hafi í reynd pantað efnið og þá hvernig hann hafi takmarkað tjón sitt að því leyti, svo sem með afpöntun eða með því að selja það öðrum aðila eftir atvikum á lægra verði en því sem um var samið milli aðila þessa máls. Þá liggi ekki fyrir að þau tilboð sem stefnandi hefur lagt fram í málinu séu skuldbindandi og að stefnanda hafi í reynd staðið til boða að kaupa umrætt byggingarefni á þeim verðum sem þar eru tilgreind. Loks sé ekkert tillit tekið í útreikningum stefnanda til annars kostnaðar en flutningskostnaðar sem hlotist hefði af efnidum samningsins af hálfu stefnanda. Þá liggi ekki fyrir gögn um raunverulegan eða áætlaðan flutningskostnað.

Stefndi mótmælir því að stefnandi hafi orðið fyrir því tjóni sem hann kveðst hafa orðið fyrir.

Að mati stefnda bendir málatilbúnaður stefnanda til þess að stefnandi hafi þegar samningi aðila var rift 26. maí 2020 ekki verið með neinar pantanir hjá framleiðendum

eða efni í framleiðslu eða flutningi enda miðast málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti við að tjón hans hafi alfarið falist í þeirri framlegð sem hann varð af. Hefði stefnandi verið búinn með skuldbindandi hætti að panta eða kaupa efni verði að ganga út frá því að hann hefði, auk missis framlegðar, orðið fyrir tjóni við það að greiða bætur fyrir afpöntun eða viðbótarkostnað vegna geymslu, sölu eða förgunar efnis. Þessi málatilbúnaður stefnanda bendir að mati stefnda til þess að efnið hafi aldrei verið pantað og undirstriki tilefni og réttmæti riftunarinnar.

#### IV.

Af framlögðum gögnum, vitnisburði og málflutningi má ráða að svonefndar trapizuplötur hafi átt að nota í milligólf húsnæðisins sem verkamningur málsaðila lýtur að. Plöturnar, sem ætlað er að bera uppi steypugólfíð, þurfa að vera gataðar með réttum hætti þannig að þær passi saman við burðarvirki byggingarinnar að öðru leyti. Út frá þessu má leggja til grundvallar að plöturnar var ekki unnt að gata fyrir en hönnunarteikningar lágu fyrir. Stefnandi var ekki aðeins í hlutverki verktaka gagnvart stefnda sem verkkaupa, heldur tók félagið einnig að sér að útvega allt efni sem þurfti til að fullvinna verkið.

Svo sem fyrr segir greinir málsaðila mjög á um atvik málsins og þá sérstaklega hvað hafi valdið þeim töfum sem urðu á því að stálið bærst til landsins. Í þessum efnum hefur dómurinn haft hliðsjón af framlögðum tölvupóstsamskiptum milli starfsmanna málsaðila, sem og samskiptum þeirra við framleiðenda og hönnuð.

Með tölvupósti Júlíusar Jóhannessonar, fulltrúa stefnda, til Finns Guðmundssonar og Guðbjarts Hannessonar, starfsmanna stefnda, 5. nóvember 2019 vísaði Júlíus til þess að búið væri að gefa út teikningar með fyrirmælum um götun og var óskað eftir því að upplýst yrði af stefnanda hálfu um framleiðslutíma og afhendingu. Afrit af þeim tölvupósti var sent Dominick Dzieszko, hönnuði og ráðgjafa stefnda. Með tölvuskeyti 16. janúar 2020 til Finns Guðmundssonar spurðist Júlíus fyrir um hver staðan væri „á efnismálum, afhendingu“ m.a. á trapizustáli í gólf þriðju og fjórðu hæðar byggingarinnar. Fyrir liggur að Júlíus framsendi Finni tölvupóst frá hönnuðinum Dominick mánudaginn 17. febrúar 2020 með svörum hins síðastnefnda um tegund og götun stálplatna, svo sem nánar greinir hér á eftir.

Framangreind samskipti eru hluti af lengri sögu þar sem ítrekað var af hálfu stefnda ýtt á eftir því að stefnandi léti hefja framleiðslu gólfplatna þriðju og fjórðu hæðar í samræmi við fyrirliggjandi hönnunarteikningar sem finna mætti á tilvísadri slóð hjá skráarhýsingarþjónustunni Dropbox. Afrit tölvusamskipta benda ekki til þess að tölvuskeyti Júlíusar 5. nóvember 2019 hafi verið svarað af hálfu stefnanda, né heldur framhaldsfyrirspurn Júlíusar 16. janúar 2020.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi við aðalmeðferð málsins staðfesti Dominick Dzieszko, hönnuður og ráðgjafi stefnda, að hann hefði lokið hönnun stálvirkis í lok

ágúst mánaðar 2019. Framlögð gögn eru því til staðfestingar að Dominick hafi hlaðið hönnunargögnum inn í svonefnt „Dropbox“ og sent Húsasmiðjunni tilkynningu þar að lútandi 30. ágúst 2019, sbr. yfirlit sem Dominick sendi Júlíusi 8. maí 2020. Kvaðst Dominick í skýrslu sinni hafa talið að pöntun hefði farið til framleiðandans þá þegar en síðar komist að raun um að svo var ekki, mögulega vegna mannabreytinga hjá Húsasmiðjunni þar sem áður nefndur Finnur hafði leyst af hólmi mann að nafni Ingvar sem Dominick hafði verið í samskiptum við á fyrri stigum. Dominick staðfesti að hafa verið í samskiptum við fulltrúa framleiðandans ArcelorMittal og stefnanda Húsasmiðjunnar í nóvember og desember 2019. Jafnframt staðfesti hann að hafa fengið afrit áður nefnds tölvupósts Júlíusar Jóhannessonar, fyrir hönd stefnda Dalsness, sem sendur var til fulltrúa stefnanda Húsasmiðjunnar 5. nóvember 2019. Í ljósi þess tíma sem leið frá ágúst og fram í desember kvaðst Dominick hafa ákveðið að yfirfara hönnunargögnin aftur og sent nákvæmlega sömu skjöl aftur til Húsasmiðjunnar í desember 2019. Hann sagði að eftir þetta hefðu menn skipst á upplýsingum, gengið úr skugga um að allt væri á hreinu, staðfest pöntunina og ákveðið verði. Dominick staðfesti að hafa framsent Júlíusi tölvupóst frá Erik Mathiasson hjá ArcelorMittal 26. maí 2020. Um aðdraganda þeirrar framsendingar sagði Dominick að hann hefði þá um langt skeið aðeins fengið upplýsingar frá stefnanda Húsasmiðjunni um það að pöntunin væri farin af stað, en verið farinn að hafa áhyggjur af því hve langan tíma þetta tók. Hann hafi því í maímánuði 2020, nánar tiltekið 26. þess mánaðar, haft beint samband við fulltrúa stefnda, Dalsness, til að athuga hvar pöntunin væri stödd og þá verið upplýstur um að pöntunin hefði ekki verið gerð og verkið væri ekki byrjað. Dominick hafi þá hringt í framleiðandann, ArcelorMittal, til að athuga málið vegna þess að hann hefði haft áhyggjur af stöðunni. Fram kom jafnframt í skýrslu Dominicks að ekki hefði verið gerður formlegur samningur milli fyrirtækis hans og stefnda Dalsness. Hann hafi vitað af samningi Dalsness við stefnanda Húsasmiðjuna en ekki vitað að búið væri að lofa afhendingu hönnunargagna vegna skrifstofuhluta byggingarinnar í janúar 2018, né að byggingunni hefði átt að vera lokið að fullu í október 2018. Hann kvaðst þó hafa vitað að vegna tafa og breytinga hefðu fyrri dagsetningar orðið ógildar. Dominick staðfesti, aðspurður, að hann hefði ekki vitað um viðaukasamninginn sem gerður var 1. apríl 2019 og ákvæði þess samnings um afhendingu hönnunargagna í apríl og maí 2019.

Af skýrslum sem gefnar voru fyrir dómi og framlögðum gögnum þykir mega ráða að eftir að Júlíus Jóhannesson fékk svör Dominicks um gerð stálplatna og götun þeirra 17. febrúar 2020 hafi hann framsent leiðbeiningarnar til fulltrúa stefnanda sem borið hafði þessar spurningar fram fyrir hönd framleiðandans. Með fyrirspurn til Finns Guðmundssonar, starfsmanns stefnanda, 27. febrúar 2020 innti Júlíus eftir því hvernig staðan væri á umræddum trapizuplötum fyrir gólfið sem þurft hefði að gata, en Finnur hafði 11. febrúar 2020 greint frá því að umræddar gólfplötur væru „tilbúnar til

framleiðslu“ og áætluð koma þeirra til Íslands væri í lok mars. Síðastgreind samskipti fóru fram í kjölfar ítrekaðra fyrirspurna fulltrúa stefnda um téðar trapizuplötur sem ætlaðar voru í gólf skrifstofuhluta byggingarinnar. Enn spurðist Júlíus fyrir um stöðuna á „gólftrapizustálinu“ með póstum til Finns 4. og 10. mars 2020. Hinn 13. sama mánaðar sagði Júlíus í skeyti til Finns að trapizuplöturnar yrðu að berast „í byrjun apríl“ því styttest færi í uppsetningu á þeim. Finnur svaraði því til, síðar sama dag, að reiknað væri með að umræddar, gataðar trapizuplötur færu í skip í fyrstu viku apríl en stefnandi væri að bíða eftir „endanlegri staðfestingu frá framleiðanda“. Finnur svaraði fyrirspurn um trapizustálið 7. apríl 2020 á þann veg að stálið væri „í framleiðslu“ og að beðið væri „eftir nákvæmri afhendingardagsetningu frá framleiðanda“. Með tölvupósti 28. apríl 2020 innti Júlíus fulltrúa stefnanda aftur eftir því hver væri „staðan á Trapizustálinu fyrir gólfplöturnar með götunum sem áttu að koma í apríl?“ og bætti því við að mjög mikilvægt væri að fá þessar plötur strax því fljótlega þyrfti að byrja uppsetningu. Aftur ítrekaði Júlíus fyrirspurn til stefnanda 4. og 5. maí 2020. Svar barst frá Finni, fyrir hönd stefnanda, 8. maí 2020 þar sem fram kom að ArcelorMittal hefði sent staðfestingu um trapizuplöturnar og að verksmiðja þeirra yrði „að öllum líkindum opnuð mánudaginn 25. maí“ og þá yrði hægt að gata plöturnar og senda þær strax til Íslands. Í sama tölvuskeyti Finns kom einnig fram að framleiðandinn benti á „að ef það á að nota Cofraplus 60 plöturnar, þá er eingöngu hægt að gata þær 40x60 [...]“ og var Júlíus beðinn um að staðfesta að götunin ætti að vera af þeirri gerð. Áriðandi væri að slík staðfesting bærisk. Þessu svaraði Júlíus samdægurs, þ.e. 8. maí 2020, með þeim orðum að síðastnefndar upplýsingar Finns væru „mjög alvarlegar fyrir verkáætlun / framkvæmd skrifstofuhlutans. Trapizuplöturnar áttu að vera löngu komnar til Íslands og uppsetning á þeim hafin.“ Í framhaldi benti Júlíus m.a. á það að án trapizuplatnanna væri ekki unnt að loka húsinu og hefja framkvæmdir innandyra. Þá tók Júlíus fram að ef staðan væri þannig að pöntun stefnanda Húsasmiðjunnar á trapizuplötunum hefði tafist frá ágúst 2019 til maí 2020 og myndi „valda verkstoppi“ við framkvæmd skrifstofuhlutans væri „um mjög alvarlega vanefnd Húsasmiðjunnar að ræða“, en 6–8 vikna töf á verkinu vegna þessa yrði mjög kostnaðarsöm. Með tölvuskeyti 19. maí 2020 ítrekaði Júlíus fyrirspurn til stefnanda Húsasmiðjunnar um það hver staðan væri á trapizuplötunum, þ.e. hvort komin væri „staðfesting frá verksmiðjunni að plögutnar séu framleiddar og tilbúnar í götun“. Jafnframt var í sama skeyti ítrekuð ósk um afhendingardagsetningu. Síðastnefndu skeyti svaraði Finnur Guðmundsson fyrir hönd stefnanda Húsasmiðjunnar 20. maí 2020 þar sem vísað var m.a. til þess að verksmiðjan yrði opnuð eftir fimm daga „eftir lokun undanfarnar vikur vegna útgöngubanns í Frakklandi“. Í svarinu var einnig vísað til þess að staðfesting hönnuðar stefnda Dalsness „um samþykki fyrir götun“ hefði ekki legið fyrir fyrr en mánudaginn 18. maí 2020. Jafnframt var því hafnað að stefnandi Húsasmiðjan hefði lagt til breytingar á götun platnanna. Þvert á móti lægi ábyrgðin hjá

„hönnuði Dalsness og þeim breytingum sem Dalsnes óskaði eftir hvað þessar plötur varðar“. Júlíus Jóhannesson svaraði síðastnefndum tölvupósti degi síðar, m.a. með skírskotun til þess að greinilegt væri að stefnandi Húsasmiðjan hefði ekki pantað trapizuplötturnar og að síðasta svar Finns miðaði að því að afsaka alvarlegar vanefndir Húsasmiðjunnar að því leyti. Fram kom í þessu tölvuskeyti Júlíusar 21. maí 2020 að ArcelorMittal hefði staðfest að engin formleg pöntun hefði borist frá stefnanda, Húsasmiðjunni, og að innborgun hefði ekki verið innt af hendi af hálfu stefnanda.

Dan Erik Kullgren, starfsmaður ArcelorMittal og yfirmaður plötudeildar þess í Svíþjóð, staðfesti fyrir dómi að samningur hefði komist á milli síðastnefnds fyrirtækis og stefnanda, Húsasmiðjunnar, á grundvelli tilboðs sem ArcelorMittal gerði Húsasmiðjunni 17. desember 2019, en staðfesting á samþykki við tilboðinu hefði borist 19. maí 2020, pöntunardagur verið skráður 29. sama mánaðar og reikningur gefinn út 26. júní 2020. Nánar staðfesti Dan Erik að Finnur Guðmundsson, starfsmaður stefnanda Húsasmiðjunnar, hefði staðfest pöntunina 19. maí 2020 og beðið um að henni yrði flýtt. Afrit umrædds tilboðs er meðal framlagðra gagna og ber með sér að verið er að selja svonefndar „Cofraplus 60P“ gataðar stálplötur, alls 5.732 fermetra. Samkvæmt tilboðsblaðinu var afhendingartími áætlaður 4–6 vikur. Dan Erik staðfesti jafnframt að fyrrum samstarfsmaður hans hjá ArcelorMittal, Erik Mathiasson, hefði á fyrri stigum sent spurningar til stefnanda Húsasmiðjunnar hf. dagana 5., 7., 10., 14. og 16. febrúar 2020. Fram kom í skýrslu Dans Eriks að svör hefðu fyrst borist við spurningunum 30. mars 2020.

Gögn málsins bera með sér að Finnur Guðmundsson, fulltrúi stefnanda, hafi sent Júlíusi Jóhannessyni, fulltrúa stefnda, tölvupóst 17. febrúar 2020 þar sem fram kom að framleiðsla á trapizuplötunum væri að hefjast og að framleiðandinn hefði óskað eftir staðfestingum á nokkrum atriðum, þ.e. um tegund „Cofraplus“ platna, um götun þeirra, og hvort götin ættu að vera sporöskjulaga. Finnur lauk pósti sínum með því að segja að Húsasmiðjan þyrfti að „fá þessi svör sem allra fyrst þannig að framleiðslan geti farið af stað strax“. Þennan tölvupóst framsendi Júlíus samdægurs til hönnuðarins Dominicks, sem svaraði síðar sama dag með stuttum og greinargóðum hætti. Svör hönnuðarins framsendi Júlíus síðdegis þennan dag, þ.e. 17. febrúar 2020, til Finns Guðmundssonar. Ekki er að sjá að Finnur hafi komið þessum svörum áleiðis til framleiðandans ArcelorMittal. Áðurnefnd svör Dans Eriks, yfirmanns plötudeildar framleiðandans í Svíþjóð, þykja staðfesta þetta. Svör virðast ekki hafa borist framleiðandanum fyrr en í lok marsmánaðar 2020, en að þá hafi enn verið óskað svars við einni spurningu. Dan Erik sagði að sú spurning hefði verið endurtekin 14. maí 2020 og svar borist frá stefnanda 19. sama mánaðar samhliða því sem Finnur Guðmundsson hefði staðfest pöntun efnisins fyrir hönd stefnanda og óskað þess að framleiðslunni yrði flýtt.

Af hálfu stefnanda hafa engar viðhlítandi skýringar verið gefnar á því að framleiðsla á títtnefndum trapizuplötum var ekki sett í gang, með pöntun af hálfu stefnanda Húsasmiðjunnar, þegar hönnunargögnin höfðu verið afhent 30. ágúst 2019 samkvæmt framangreindu, en ekki hefur verið sýnt fram á að gögn þessi hafi verið afhent í ófullnægjandi mynd síðastgreindan dag. Jafnvel þótt talið yrði að réttlætanlegrar óvissu hafi gætt um tegund þeirra trapizuplatna sem pantaðar voru, nánar tiltekið hvort um hafi verið að ræða Cofraplus 56 eða Cofraplus 60, verður ekki betur séð en að allri mögulegri óvissu um þetta efni hafi verið eytt eigi síðar en 17. desember þegar ArcelorMittal sendi stefnanda tilboð, sem stílað var á Helga Geirharðsson, fulltrúa stefnanda, þar sem síðarnefnda plötutegundin var tilgreind með videigandi verðum fyrir götun, pökkun og flutning. Ekki verður af gögnum málsins ráðið að síðastgreint tilboð hafi verið formlega staðfest af hálfu stefnanda.

Gögn málsins þykja ekki verða skilin á annan veg en þann að gengið hafi verið út frá því af hálfu beggja málssaðila að stefnandi léti framleiða stálplöturnar og afhenti þær á verkstað, sbr. m.a. áðurnefndan tölvupóst Júlíusar Jóhannessonar til starfsmanna stefnanda 5. nóvember 2019. Ítrekaðar síðari fyrirspurnir fulltrúa stefnda til stefnanda um það hvenær vænta mætti umræddra platna og endurtekin svör stefnanda þess efnis að málið væri í ferli, plöturnar tilbúna til framleiðslu og væntanlegar til landsins, renna frekari stoðum undir þessa ályktun. Af framlögðum gögnum, þ.m.t. fjöldamörgum tölvupóstsendingum, má helst ráða að misskilningur af hálfu fulltrúa stefnanda sjálfs hafi valdið því að títtnefndar trapizuplötur voru ekki pantaðar af stefnanda hálfu með þeim afleiðingum að framleiðsla þeirra og afhending tafðist með tilheyrandi kostnaði og töfum fyrir stefnda. Staðhæfingar stefnanda um tafir á afhendingu hönnunargagna og röskun hjá framleiðanda vegna kórónuveirunnar þykja, í þessu ljósi, ekki vera studdar viðunandi gögnum. Riftunaryfirlýsing stefnda 26. maí 2020 var send með vísan til verulegra vanefnda stefnda á skyldum sínum samkvæmt verktakasamningi málssaðila. Með hliðsjón af þeirri margra mánaða töf sem leiddi af athafnaleysi stefnanda við kaup á byggingarefni verður fallist á það með stefnda að vanefnd stefnanda á samningi málssaðila teljist hafa verið veruleg í skilningi samninga- og kröfuréttar. Með málshöfðun þessari hefur stefnandi ekki sýnt fram á að stefnda hafi verið óheimilt að beita riftun sem vanefndaúrræði eins og á stóð. Verður skaðabótakröfu stefnanda því hafnað. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem með hliðsjón af umfangi málsins telst hæfilega ákvarðaður 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, Dalsnes ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Húsasmiðjunnar ehf., í máli þessu.  
Stefnandi greiði stefnda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Arnar Þór Jónsson